

**Sp.**

**559. Tillaga til þingsályktunar**

[317. mál]

um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal við verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 1987.

Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 60 000 þús. kr.

**A t h u g a s e m d i r v i ð þ i n g s á l y k t u n a r t i l l ö g u þ e s s a .**

Egilsstaðaflugvöllur hefur um alllangan tíma verið til athugunar hjá flugmálafirvöldum bæði hvað varðar endurbyggingu flugbrautar og eins hugsanlegan flutning vallarins. Á árunum 1972–1973 var unnin áætlun um gerð nýs flugvallar við Snjóholt og nauðsynlegar úrbætur á núverandi velli voru rækilega raktar í skýrslu flugvallanefndar frá 1976. Árið 1982 var samþykkt í flugráði að gera ítarlegan samanburð á aðflugi að núverandi brautarstæði og nýju brautarstæði á bökkum Lagarfljóts. Jafnframt var ákveðið að gera verkfræðilega úttekt og samanburð á því að endurbyggja gömlu flugbrautina eða byggja nýja vestan flugstöðvarinnar. Skýrslur um flugleiðsögukerfi, blindaflug og brautarstæði lágu fyrir ári síðar.

Flugmálanefnd, sem skilaði lokaskýrslu til samgönguráðuneytisins í október 1986, fékk í upphafi starfs síns sem sérstakt forgangsverkefni að kanna framtíðarskipan Egilsstaðaflugvallar. Í álitgerð sinni kveðst nefndin hafa kynnt sér ítarlega fyrirliggjandi gögn og greinargerðir, farið á vettvang og í samvinnu við flugmálastjórn athugað nokkra aðra þætti, svo sem eignarrétt að nærliggjandi landsvæðum og möguleika á efnistöku.

Að athuguðu máli gerir nefndin tillögu um byggingu nýrrar flugbrautar vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti. Stefnt verði að 2000 m braut, en að í útboði verði tveir kostir 1500 m og 2000 m og niðurstöður samanburðar yrðu látnar ráða hvort verkinu verði skipt í tvo áfanga. Niðurstöður kostnaðaráætlunar nefndarinnar eru að 1500 m braut kosti um 95 milljónir kr., en 2000 m braut um 126 milljónir kr. Nefndin taldi æskilegast að gerð hinnar nýju flugbrautar yrði lokið á þremur árum.

Skýrsla flugmálanefndar hefur verið til athugunar og umfjöllunar í samgönguráðuneytinu og m.a. rækilega um hana fjallað á sérstakri ráðstefnu á vegum ráðuneytisins hinn 12. desember 1986. Þar fengust margar góðar og gagnlegar ábendingar um efnisatriði hennar sem tekið verður tillit til við úrvinnslu nefndartillagna. Í kjölfar skýrslunnar hefur í samgönguráðuneytinu verið útbúið frumvarp til laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem lagt verður fyrir yfirstandandi Alþingi. Það var talið rétt að biðja með frekari framvindu tillagnanna þar til frumvarpið hefði fengið eðlilega umfjöllun á Alþingi, en þar sem ástandi Egilsstaðaflugvallar hefur hrakað meir en búist var við verður ekki undan því vikist að grípa nú þegar til sérstakra ráðstafana svo stytta megi sem kostur er tímunn þar til ný og viðunandi flugbraut verði tekin í notkun. Af þeim sökum er þingsályktunartillaga þessi flutt nú þótt skammt sé liðið frá fjárlagagerð.

Þar sem ljóst er að allnokkur kostnaður fylgir þingsályktun þessari nái hún fram að ganga er í 2. mgr. hennar gert ráð fyrir heimild til lántöku allt að 60 milljónum kr. árið 1987.